



## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í landi Arnarvatns í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 20. apríl s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis 365-V (hótelldóðar) í landi Arnarvatns í Skútustaðahreppi.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun núverandi lóðar Hótel Laxár þar sem fyrirhugað er að byggja starfsmannabústaði vestan hótelsins þannig að þeir snúi ekki að Mývatni og verði ekki jafn sýnilegir frá þjóðvegi og þeir yrðu annars innan núverandi lóðar. Því er mörkum reitsins og byggingarreit breytt þannig að þau nái vestur yfir háhæðina, sem hótelið stendur á. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er gerð leiðrétting á landnotkunarreit 365-V í Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að stærð og lögun landnotkunarreits er breytt til samræmis við uppgefna stærð í aðalskipulagsgreinargerð.

Tillöguuppráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 22. apríl til og með föstudeginum 3. júní 2016. Þá eru tillögurnar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 3. júní 2016. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalin,  
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.



# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

14. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 20. apríl 2016

## Afmælisbörn dagana 21. apríl — 27. apríl 2016

21. Júlía Brá Stefánsdóttir.
22. Elías Davíð Harðarson, Gunnhildur Stefánsdóttir, Kristján Steingrímsson
24. Friðrik L Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir.
25. Rósa Eik Gunnarsdóttir, Þórhalla Bergey Jónsdóttir.



**Sparisjóður Suður – Þingeyinga**  
óskar eftir starfsmanni til að sjá um ræstingu í húsnæði sparisjóðsins í Reykjahlíð.

Nánari upplýsingar veitir Anna Dóra Snæbjörnsdóttir [anna@spthin.is](mailto:anna@spthin.is)  
Sparisjóður Suður – Þingeyinga.

## Fögnum sumri í Þorgeirskirkju.

Sameiginleg dagskrá allra kirkjukóra í Suður-Þingeyjarsýslu verður í Þorgeirskirkju á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 21. apríl klukkan 20:30. Kirkjukórarnir syngja vortónlist. Prestar flytja ljóð.

Allir velkomnir.  
Undirbúningsnefnd.





## Aðalfundur MýSköpunar ehf.

MýSköpun ehf vill minna á aðalfund félagsins þann 25. apríl 2016 í húsi Björgunarsveitarinnar Stefáns að Múlavegi 2, efri hæð.  
Fundurinn hefst kl. 16:00

Dagskrá fundarinn er samkvæmt 14. grein samþykktá félagsins

Fyrir hönd stjórnar  
Arnheiður Rán

## Aðalfundur.

Kór Reykjahlíðarkirkju heldur aðalfund miðvikudaginn 27. apríl n.k. kl. 20:00 í Reykjahlíðarkirkju.

Dagskrá:  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.  
Stjórnin

## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.  
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

## Aðalfundur

Félags eldri Mývetninga  
verður haldinn 30. apríl n.k. í nýja morgunverðarsalnum  
hjá Ástu á Skútustöðum kl. 15:00

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar ávallt velkomnir,  
félagsmenn geta allir orðið 60 ára og eldri.

Stjórnin.



## Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf.

Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf. verður haldinn í húsakynnum félagsins við Jarðbaðshóla, miðvikudaginn 4. maí n.k. og hefst hann klukkan 11:00.

Á dagskrá aðalfundar eru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Þá verður lögð fram tillaga um sameiningu félaganna þ.e. Baðfélags Mývatnssveitar hf. og Jarðbaðanna við Mývatn ehf. í eitt félag Jarðböðin hf.

Ársreikningur félagsins og skýrsla stjórnar munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

Mývatnssveit 18. Apríl 2016

F.h. stjórnar Baðfélags Mývatnssveitar hf.